

VEITINGASTADIR

A. Hansen Vesturgötu 4, Hf., s. 565 1693. Opið 11.30-22.30 alla daga.
Amigos Tryggvagötu 8, s. 551 1333. Op. 17.30-22.30 v.d. og sd., 17.30-23.30 fd. og ld.
Argentína Barónsstíg 11a, s. 551 9555. Opið 18-23.30 v.d., 18-3 um helgar.
Asia Laugavegi 10, s. 562 6210. Opið 11.30-22.30 v.d., 12-22.30 sd., 11.30-23.30 fd. og ld.
Askur Suðurlandsbr. 4, s. 553 8550. Op. 11-22 sd.-fid., 11-23.30 fd. og ld.
Austur Indía fjelagið Hverfisgötu 56, s. 552 1630. Opið a.d. frá kl. 18.
Á næstu grösom Laugavegi 20, s. 552 8410. Opið 11.30-14 og 18-22 v.d., 18-22 sd. og lokað ld.
BanThai Laugavegi 130, s. 552 2444. Op. 18-22 md.-fid. og 18-23 ftd.-sd.
Carpe Diem Rauðarárstíg 18, s. 562 3350. Opið 11-23 alla daga.
Caruso Þinghóltsstræti 1, s. 562 7335. Opið sd.-fid. 11.30-23.30. Fd. og ld. 12.-2.
Grænn kostur Skólavörðustíg 8b, s. 552 2028. Opið md.-ld. frá 11.30-21 og sd. frá 16-21.
Hard Rock Café Kringlunni, s. 568 9888. Opið 11.45-23.30 md.-ld., 12-23.30 sd.
Hornið Hafnarstræti 15, s. 551 3340. Opið 11-23.30 alla daga.
Hótel Borg Pósthússtræti 11, s. 551 1440. Opið 8-23.30 alla daga.
Hótel Esja Suðurlandsbraut 2, s. 568 9509. Opið 11-22 alla daga.
Hótel Holt Bergstaðastræti 37, s. 552 5700. Opið 12-14.30 og 19-22.30 v.d., 12-14.30 og 18-22 fd. og ld.
Hótel Loftleiðir Reykjavíkurlflugvelli, s. 552 2322. Opið í Lóninu 5-23, í Blómasal 18.30-22.
Hótel Óðinsvé v/Óðinstorg, s. 552 5224. Opið 12-15 og 18-23 v.d., 12-15 og 18-23.30 fd. og ld.
Hótel Saga Gríllíð, s. 552 5033, Súlnasalur, s. 552 0221. Skráður, s. 552 9900. Gríllíð opið 19-22.30 a.d., Súlnasalur 19-3 ld., Skráður 12-14 og 18-22 a.d.
Humarhúsið Amtmannsstíg 1, s. 561 3303. Opið 10-23.30 v.d., 10-1 ld. og sd.
Indókinna Laugavegi 19, s. 552 2399. Opið 11.30-22.30 alla daga, ld. frá 11.30-23.30.
Italia Laugavegi 11, s. 552 4630. Opið 11.30-23.30 alla daga.
Jónatan Livingston Mávur Tryggvagötu 4-6, s. 551 5520. Opið 17.30-23 v.d., 17.30-23.30 fd. og ld.
Kínahofið Nýbýlavegi 20, s. 554 5022. Opið 17-21.45 v.d., 17-22.45 fd., ld. og sd.
Kína-húsið Lækjargötu 8, s. 551 1014. Opið 11.30-14 og 17.30-22 v.d., 17.30-23 fd., 15-23 ld., 17-22 sd.
Kínamúrinn Laugavegi 126, s. 562 2258. Opið fd., ld., 11.30-23.30, sd.-fid. 11.30-22.30.
Kofi Tómasar frænda Laugavegi 2, s. 551 1855. Opið 10-01 sd.-fid. og 11-03 fd. og ld.
Kringlukráin Kringlunni 4, s. 568 0878. Opið 12-1 v.d., 12-3 fd. og ld.
Lauga-ás Laugarásvegi 1, s. 553 1620. Opið 11-22 og 11-21 um helgar.
Lækjarbrekka Bankastræti 2, s. 551 4430. Opið md.-mid. 11-23.30, fd.-sd. 11-0.30.
Madonna Rauðarárstíg 27-29, s. 562 1988. Opið 11.30-23.30 a.d.
Marhaba Rauðarárstíg 37, s. 562 6766. Opið a.d. nema md. 17.30-23.30.
Naustið Vesturgötu 6-8, s. 551 7759. Opið 12-14 og 18-01 v.d., 12-14 og 18-03 fd. og ld.
Ópera Lækjargötu 2, s. 552 9499. Op. 18-23.30 v.d., 18-24.30 fd. og ld.
Pasta Basta Klapparstíg 38, s. 561 3131. Opið virka daga frá 11.30 til 1.00 og um helgar til 3.00.
Perlan Óskjuhlíð, s. 562 0200. Opið 18-23.30 v.d., 18-24.30 fd. og ld.
Potturinn og þannan Brautarholti 22, s. 551 1690. Opið a.d. 11.30-22.
Primavera Austurstræti, s. 588 8555. Op. 12-14.30, 18-22 v.d., 18-23 fd., 18-23.30 ld., 18-22 sd.
Salatbarinn hjá Eika Fákafeni 9, s. 588 0222. Opið alla daga frá kl. 11.30-20.30, nema ld. frá 11.30-16. Lokað á sd.
Samurai Ingólfsstræti 1a, s. 551 7776. Opið v.d. 18-22, fd., ld., 18-23.
Singapore Reykjavíkurluvegi 68, s. 555 4999. Opið 18-22 þd.-fid., 18-23 fd.-sd.
Sjanghæ Laugavegi 28, s. 551 6513. Opið 11.30-23.30 v.d., 12-22.30 sd.
Sjö rósir Sigtúni 38, s. 588 3550. Opið 7-23.30 alla daga.
Skólabrú Skólabrú 1, s. 562 4455. Opið frá kl. 18 alla daga og í hd.
Steikhús Harðar Laugavegi 34, s. 551 3088. Opið 11.30-21 v.d. og sd., 11.30-23.30 fd. og ld.
Tilveran Linnetsstíg 1, s. 565 5250. Opið 11-23 alla daga.
Við Tjörnina Templarasundi 3, s. 551 8666. Opið 12-14 og 18-22.30 md.-fd., 18-23 ld. og sd.
Viðeyjarstofa Viðey, s. 568 1045 og 562 1934. Opið fd.-sud., kaffist. kl. 14-17. Veitingasalur kl. 18-23.30.
Vitabar Bergþórugötu 21, s. 551 7200. Opið 15-23.30 v.d., 12-02 a.d.
Þrír Frakkar hjá Úlfari Baldursgötu 14, s. 552 3939. Opið 11-14.30 og 18-23.30 ld. og sd.

Nemendaleikhúsið:

Uppstopppaður hundur

Nemendaleikhúsið frumsýnir á morgun leikritið Uppstoppaður hundur sem gerist í smábæ í Norður-Svíþjóð. DV-mynd Pjetur

Á morgun frumsýnir Nemendaleikhúsið, útskriftarárgangur Leiklistarskólans, leikritið Uppstoppaður hundur eftir Staffan Göthe. Leikritið verður sýnt í Lindarbæ þar sem Nemendaleikhúsið er til húsa. Uppstoppaður hundur er nýlegt sænskt gamandrama sem sýnt hefur verið víða í Svíþjóð og notið þar mikilla vinsælda. Það gerist í smábæ í Norður-Svíþjóð á árunum 1955 til 1988 og segir frá tveim fjölskyldum, leigjendum þeirra og nágrönnum. Umfjöllunarefni þess eru ástir, afbrýðisemi, framhjáhald, kynlíf, ofbeldi, dóp, fyrirtækjasamsteypur, menn sem leika hunda og hundar sem tala, svo að nokkur dæmi séu tekin.

Í útskriftarhópnum eru þau Agnar Jón Egilsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Friðrik Friðriks-son, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Helga Vala Helgadóttir, Linda Ásgeirsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Sjöfn Evertsdóttir. Leikstjóri Uppstoppaðs hunds er Hilmar Jónsson. Uppstoppaður hundur er síðasta verkefni Nemendaleikhússins þennan veturinn. Almenn- ingi gefst þó kostur á að sjá útskriftarhópinn á öðrum vettvangi því sjónvarpsmyndin Grenjandi baksviðs, sem þau unnu í samvinnu við RÚV fyrir í vetur, verður frumsýnd þann 26. apríl.




Kjarvalsstaðir:


Kyrrð, dýpt og birta

Á laugardag verða opnaðar tvær nýjar sýningar á Kjarvalsstöðum. Þetta eru sýningar á málverkum eftir Georg Guðna Hauksson og teikningum og öðrum verkum eftir franska listamanninn Bernard Moninot.

Georg Guðni hóf feril sinn sem málari fyrir um þrettán árum og vakti strax athygli fyrir túlkun sína á íslensku landslagi. Kyrrð, dýpt og birta hafa frá upphafi einkennt verk hans og hefur einlægni hans gagnvart myndefninu þótt eftirtektarverð. Honum hefur tekist að nýta alla bestu eiginleika olíumálverksins og finna sér leið innan ramma þess sem í senn er hefðbundin og frumleg.




Verk Frakkans Bernards Moninot.



Bernard Moninot kom fyrst fram á sjónarsvið myndlistarinnar um 1970 og hefur síðan sýnt víða um heim, einkum teikningar.

Þær sem sýndar verða á Kjarvalsstöðum eru unnar á gler og pappír en Moninot hefur einkum vakið athygli fyrir teikningar unnar á gler. Fínleg form birtast á litfleti sem borinn hefur verið á bakhlíð glers. Augljóslega má greina tilvist ljóssins sem birtist á ýmsan máta en kann að virðast þverstæðukennt eða eiga eitthvað skylt við sýndarveruleika.



Fyrsta sýning Stefáns

Stefán Henrysson heldur málverkasýningu dagana 18. til 22. apríl í húsnæði Félags heyrnarlausra að Laugavegi 26, 4. hæð.

Stefán er fæddur 1979 í Vestmannaeyjum. Sýningin er fyrsta einkasýning hans en hann hefur stundað nám við Vesturhlíðaskóla sem er skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskerta nemendur.

Í vetur hefur hann stundað myndlistarnám undir handleiðslu Sólveigar Helgu Jónsdóttur, myndlistarkennara við Vesturhlíðaskóla. Stefán sýnir 25 olíumálverk, þrjú akrýlmálverk og tvær vatnslitamyndir.

Verk Stefáns Henryssonar verða sýnd í húsnæði Félags heyrnarlausra næstu daga.

DV-mynd E.Ól.

P
Í apr
inn Pétu
argötu
Á Jón
myndir
þar „Da
myndir
Á lof
sýnis n
er opin
Indiafar